

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis,
nr. 335 18. maí 1983.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

a) 2. mgr. orðist svo:

Ennfremur er heimilt að veita áfengi á herbergi til dvalargesta á gististað frá kl. 14.30 til kl. 18.00. Einnig er heimilt að veita áfengi í litlum umbúðum með sjálfsafgreiðslu úr sérstökum skáp (minibar) á gistiherbergi til dvalargesta á gististað, enda eigi ákvæði 14. gr. ekki við um leigutaka og neysla áfengisins fari ekki fram utan herbergisins.

b) Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreina er á veitingastað fyrir farþega á tollfrjálsu svæði á flugvelli heimilt að haga veitingatíma áfengis með hliðsjón af brottfarartíma loftfara.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.